

## A 1712/kultur

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Þingmannatillaga um stuðning við námsfólk í hættu****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að* hún undirstriki að tjáningarfrelsi, frjáls hugsun og fræðilegt frelsi eru mikilvægir hornsteinar lýðræðissamfélaga, og jafnframt hvernig Norðurlönd geta staðið vörð um þessi gildi;

*að* hún bendi á hvernig efnaðri lönd, ekki síst Norðurlönd, geta stutt við lýðræðisþróun í öðrum löndum;

*að* hún styðji við Students at Risk-áætlunina og þróun hennar á Norðurlöndum;

*að* hún nýti bestu starfsvenjur Students at Risk-áætlunarinnar og annarra áætlana, í þeim tilgangi að efla og víkka hugmyndina að baki Students at Risk á Norðurlöndum.

**Forsaga**

Í alræðisríkjum og öðrum löndum þar sem lýðræði á undir högg að sækja er ungt námsfólk oft í sérstökum áhættuhópi. Námsfólk er velmenntað, frjálslýnt og gagnrýnið í hugsun og er því oft sá þjóðfélagshópur sem verður fyrst og verst fyrir barðinu þegar lýðræðinu eru skorður settar.

Áætlunin Students at Risk (StAR) var innleidd í norskum háskólum í samstarfi námsmannasamtaka og norska utanríkisráðuneytisins<sup>1</sup>. Markmiðið með áætluninni er að veita erlendu námsfólki, sem gert er ófært að mennta sig í heimalandinu, kost á að halda náminu áfram í Noregi.

Það voru virkir háskólanemar sem áttu frumkvæði að fyrstu tilrauninni með StAR í Noregi árið 2012. Á haustdögum 2015 hóf StAR svo göngu sína sem tilraunaverkefni til tveggja ára. Sambærilegar áætlanir hafa gefið góða raun, m.a. í Póllandi og Hollandi. Árið 2016 gerði norska ríkisstjórnin úttekt á áætluninni áður en ákvörðun verður tekin um hvort áætlunin verði gerð varanleg.

---

<sup>1</sup> Sjá nánar: <http://siu.no/Hoeyere-utdanning/Samarbeid-med-utviklingsland-skjult/Students-at-risk>



Í Noregi er áætlunin fyrir námsfólk frá löndum, sem taka á móti opinberri þróunaraðstoð, og hefur jafnframt um einhvern tíma stefnt öryggi sínu í hættu með því að taka þátt í lýðræðis- og mannréttindastarfi. Gerðar eru fræðilegar og tungumálalegar kröfur til þeirra sem aðgang fá að áætluninni. Sett eru þau skilyrði að umsækjendurnir séu tilnefndir af mannréttinda- stofnunum eða samtökum sem heimild hafa til að tilnefna umsækjendur. Námsfólk sem fær aðgang að háskólum á rétt á styrkjum til að mæta námskostnaði. Námsfólkið snýr aftur heim að loknu námi eða fyrr ef aðstæður leyfa. Markmiðið er að námsfólkið geti að loknu námi tekið þátt í lýðræðislegu starfi og uppbyggingu lýðræðis í heimalöndum sínum.

Miðstöð alþjóðavæðingar menntunar í norska utanríkisráðuneytinu hefur hvatt alla háskóla til að rýma til fyrir námsfólki sem þarfnast verndar. Þegar áætlunin hóf göngu sína tóku 15 norskir háskólar á móti námsfólki á vegum áætlunarinnar, m.a. frá Egyptalandi, Líbíu, Gambíu, Líbanon, Svasílandi, Tyrklandi, Kirgisistan, Palestínu og Sýrlandi. Viðbrögðin í háskólum og stjórnsýslunni hafa verið góð.<sup>2</sup> Góður árangur áætlunarinnar hefur orðið til þess að uppi eru raddir um að gera StAR-áætlunina varanlega um alla Evrópu<sup>3</sup>.

Scholars At Risk (SAR) er bandarísk áætlun sem starfrækt er í um 39 löndum. Áætlunin er um margt svipuð nema að hún er sniðin að fræðafólki. Áætlunin skipuleggur stuttar dvalir til rannsókna og gestafyrirlesara við erlenda háskóla þar til fræðafólkið getur snúið heim á ný. Ýmsir háskólar á Norðurlöndum taka þátt í SAR-samstarfsnetinu.

Ósló, 24. janúar 2017

*Anna-Maja Henriksson (sv)*  
*Arto Pirttilahti (cent)*  
*Britt Lundberg (ÅC)*  
*Eva Biaudet (sv)*  
*Hanna Kosonen (cent)*  
*Jan Lindholm (MP)*  
*Jenis av Rana (Mfl.)*  
*Katri Kulmuni (cent)*

*Krista Mikkonen (gröna)*  
*Krista Mikkonen (gröna)*  
*Marcus Knuth (V)*  
*Mikael Staffas (Lib)*  
*Mikael Staffas (Lib)*  
*Mikko Kärnä (cent)*  
*Mikko Kärnä (cent)*  
*Ruth Vang (Frámsókn)*  
*Ruth Vang (Frámsókn)*  
*Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)*  
*Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)*  
*Staffan Danielsson (C)*  
*Staffan Danielsson (C)*

<sup>2</sup> <https://www.thelocal.no/20140715/norways-top-universities-welcome-students-at-risk>

<sup>3</sup> Sjá t.d. [https://studentsatrisk.eu/?page\\_id=3497](https://studentsatrisk.eu/?page_id=3497)